



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 16. desember, 2015

Ákvörðun nr. 34/2015

Samruni Kjarnafæðis hf. og SAH afurða ehf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

Þann 9. desember 2015 barst Samkeppniseftirlitinu samrunatilkynning þar sem tilkynnt var um samruna Kjarnafæðis hf. (Kjarnafæði) og SAH afurða ehf. (SAH), sbr. reglur nr. 881/2005 um tilkynningu samruna með síðari breytingum. Í samrunatilkynningunni kemur fram að rekstur SAH hafi verið mjög erfiður undanfarin tvö ár. Stjórn félagsins hafi leitað leiða til að bæta reksturinn en niðurstaðan af því hafi verið að leita til Kjarnafæðis um yfirtöku á rekstrinum. Fyrir yfirtökuna átti Kjarnafæði 41,85% hlutfjár í SAH afurðum sem félagið eignaðist árið 2005. Með umræddum kaupum eignast Kjarnafæði hlut Sölufélags Austur-Húnavetninga svf. (Sölufélag Austur-Húnavetninga) í SAH afurðum auk þess að kaupa allar fasteignir félagsins. Að mati samrunaaðila eru framangreind kaup ekki til þess fallin að skapa samkeppnislaga vandkvæði, sbr. 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005.

Kaupsamningur um sölu á 51,55% hlut Sölufélags Austur-Húnavetninga í SAH afurðum til Kjarnafæðis var gerður með fyrirvara um að kaup hins selda hljóti staðfestingu Samkeppniseftirlitsins til samræmis við 17. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Samrunatilkynningunni fylgdu ýmis fylgigögn.

II.

Samruninn, aðilar hans og yfirráð

Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða það nái yfirráðum í heild eða hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna.

Í samrunatilkynningunni kemur fram að Kjarnafæði hafi hafið störf árið 1985 og að starfsemi félagsins hafi frá upphafi verið framleiðsla og sala á kjörafurðum til smásala. Fram kemur að Kjarnafæði hafi ekki fram til þessa rekið sláturhús en hafi þó átt hluti í félögum í slíkum rekstri en á árinu 2004 eignaðist félagið 34,03% hlut í Sláturfélagi Vopnfirðinga. Fram kemur að Kjarnafæði hafi verið lang stærsti einstaki viðskiptamaður SAH undanfarin ár og keypt nálægt helmingi af framleiðsluvörum félagsins. Að mati Kjarnafæðis sé óveruleg skörun á starfsemi félaganna þar sem SAH hafi verið með mjög



óverulega sölu á sama markaði og Kjarnafæði, þ.e. til smásala. Með hliðsjón af því telji Kjarnafæði að yfirtaka á SAH hafi lítil eða engin áhrif á markaði að því leyti.

Kjarnafæði bendir á að helstu samkeppnisaðilar félagsins séu sláturhús sem einnig hafa yfir að ráða kjötvinnslum. Með yfirtöku Kjarnafæðis á SAH afurðum sé félagið fyrst og síðast að tryggja fyrirtækinu aðgang að hráefni til vinnslu. Forsvarsmenn Kjarnafæðis telji það ekki fýsilegan kost að vera háðir helstu samkeppnisaðilum fyrirtækisins með hráefni. Stefnt sé að því að áfram verði grófvinnsla á kjöti á Blönduósi og þar framleiddar vörur sem skapað hafa sér festu á markaði. Að mati Kjarnafæðis verði áhrif samrunans helst þau að fyrirtækið muni auka kaup sín frá SAH afurðum sem muni væntanlega leiða til þess að minna verði selt til annarra vinnslufyrirtækja. Það muni líklega ekki hafa teljandi áhrif á markaði þar sem Kjarnafæði muni á móti draga saman kaup sín frá öðrum sláturleyfishöfum.

Í samrunatilkynningunni kemur fram að SAH hafi hafið starfsemi í janúarmánuði árið 2006. Megin starfsemi félagsins sé slátrun sauðfjár, stórgripa og heildsala með kjötafurðir. Söluafurðir SAH afurða hafi aðallega verið óunnið kjöt til kjötvinnsla og grófvinnsla þess og þá aðallega fyrir Kjarnafæði. Af afurðum SAH hafi lítið verið selt beint til neytenda.

III.

Niðurstaða

Við mat á samkeppnislegum áhrifum af samruna ber að líta til þess hvort samruninn leiði til þess að markaðsráðandi staða verði til eða eða slík staða styrkist eða samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti, sbr. 17. gr. c. samkeppnislaga. Í 4. gr. laganna kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrk að geta hindrað samkeppni á þeim markaði sem máli skiptir og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppinauta, viðskiptavina og neytenda.

Framangreind kaup Kjarnafæðis á hlut Sölufélags Austur-Húnvetninga í SAH afurðum hafa í för með sér sk. lóðréttan samruna. Starfsemi SAH afurða felst í slátrun og sölu á kjötafurðum til kjötvinnslna. Megin starfsemi Kjarnafæðis er úrvinnsla kjötafurða sem félagið kaupir af sláturhúsum. Viðskipti SAH afurða með framleiðsluvörur félagsins hafa fram að framangreindum samruna verið að miklu leyti við Kjarnafæði og munu viðskipti milli félaganna aukast eftir samrunann. Að mati Kjarnafæðis er markaðssvæði félagsins landið allt og af gögnum málsins er hvorki hægt að sjá að í SAH afurðir né Kjarnafæði séu í markaðsráðandi stöðu á þeim mörkuðum sem þau starfa eða að slík staða komi upp eftir samrunann. Þá verður ekki séð að samruninn leiði til þess að samkeppni raskist að öðru leyti með umtalsverðum hætti.

Með hliðsjón af öllu framangreindu telur Samkeppniseftirlitið að fyrirhugaður samruni leiði ekki til þess að samkeppni sé ógnað heldur megi leiða líkur að því að með samrunanum eflist samkeppnisstaða SAH afurða gagnvart stærri keppinautum á markaðnum. Samkeppniseftirlitið telur því ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.



IV. Ákvörðunarorð:

„Samkeppniseftirlitið telur ekki ástæðu til að aðhafast frekar vegna kaupa Kjarnafæðis hf. á hlut Sölufélags Austur-Húnavetninga svf. í SAH afurðum ehf.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson